

AUGLÝSING

um umferð í Vestmannaeyjabæ.

Að fengnum tillögum bæjarstjórnar Vestmannaeyjabæjar og samkvæmt heimild í 81. gr. umferðarlaga nr. 50/1987, er hér með ákveðið að hámarkshraði á Ásavegi vestan Helgafellsbrautar breytist úr 45 km/klst í 30 km/klst.

Ákvæði þessarar auglýsingar taka gildi 1. ágúst 1993.

Sýslumaðurinn í Vestmannaeyjum, 5. júlí 1993.

Georg Kr. Lárusson.

AUGLÝSING

um umferð á Akureyri.

Að fengnum tillögum bæjarstjórnar Akureyrar og samkvæmt heimild í 81. gr. umferðarlaga nr. 50/1987 eru hér með settar eftirfarandi reglur um umferð á Akureyri:

Aðalbrautarréttur verður á Merkigili og Kiðagili, þó svo að umferð á Merkigili vikur fyrir umferð á Hlíðarbraut og Borgarbraut og umferð á Kiðagili vikur fyrir umferð á Borgarbraut og Merkigili.

Ákvæði auglýsingar þessarar taka gildi þegar í stað.

Sýslumaðurinn á Akureyri, 5. júlí 1993.

Elías I. Elíasson.